

Efnahagshorfur 2021-2023:

Jafnan er dimmast undir dögum


Hagspá Arion banka
17. mars 2021



Hvernig myndir þú lýsa árinu 2020? Fordæmalaus... varnarsigur!?

Fyrir ári síðan litu nýjar efnahagssviðsmyndir dagsins ljós, hver annarri dekkri. Undir lok fyrstu bylgju faraldursins gerðu efnahagsspár ráð fyrir að samdráttur ársins næmi 8%. Í raun mætti segja að spárnar hafi fylgt sóttvarnarráðstöfunum út árið, þegar slakað var á í sumar lyftist brún greiningaraðila, þegar reglur voru hertar aftur með haustinu féllu spárnar. Þegar uppi var staðið reyndust greiningaraðilar hins vegar full svartsýnir, þrátt fyrir langvinnari áhrif á ferðaþjónustuna en flestir væntu við upphaf faraldursins.


Efnahagssamdráttur árið 2020 og spár Arion banka og Seðlabanka Íslands



Innlend eftirspurn pakkaði í vörn...


Stærstu frávikin frá spám greiningaraðila og þjóðhagsreikninga ársins 2020 má rekja til innlendar eftirspurnar, þ.e.a.s. samtölu einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingar. Aðeins einn undirliður innlendar eftirspurnar reyndist verulega undir væntingum, fjárfesting hins opinbera, á meðan seigla annarra undirliða, sérstaklega einkaneyslu og íbúðafjárfestingar, kom greiningaraðilum í opna skjöldu.

Undirliðir landsframleiðslu árið 2020 – breyting frá fyrra ári




... en hefur alla burði til að snúa vörn í sókn, sérstaklega einkaneysla


Nálgun á mánaðarlegar ráðstöfunartekjur á mann, 17 ára og eldri – nafnvirði




Úttekt séreignarsparnaðar – ma.kr.



Árshækkun launavísitölunnar eftir mánuðum




Innlán heimilanna – breyting milli ára




Leiðin er upp á við í ferðapjónustunni

Þrautargöngu ferðapjónustunnar hvergi nærri lokið. Botninum er þó að líkindum náð og leiðin er upp á við. Ákvörðun um að viðurkenna bólusetningarvottorð á landamærum frá löndum utan EES gæti reynst áhrifamikil. Um samtals 40% ferðamanna síðustu fimm ár hafa komið frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Það er talsvert stærra hlutfall en hefur t.d. komið frá löndum sem tilheyra Schengensvæðinu.

Brottfarir frá Keflavíkurflugvelli – að teknu tilliti til aflýstra fluga




Uppsafnaðar bókanir fyrir ferðalög í júlí-ágúst – á heimsvísu



Andvari í seglin í ár, vindur á næsta ári

Útlit er fyrir að hagvöxtur ársins verði dálítið meiri en áður var talið. Viðsnúnings í ferðaþjónustunni mun þó varla gæta að ráði fyrir en seinni hluta árs og mest á næsta ári. Hagvöxtur þessa árs verður því fyrst og fremst vegna kraftmikillar einkaneyslu og fjárfestingar, þá sérstaklega fjárfestingar hins opinbera, en atvinnuvegafjárfesting leggur þó einnig hönd á plóg. Engu að síður á hagkerfið langan veg fyrir höndum og viðspyrnan fer hægt af stað, en talið er að það blási byrlega í segl þjóðarskútunnar á næsta ári samhliða auknum ferðamannafjölda.


Hagspá Arion banka - framlag undirliða



Allir spá meðbyr en vindaspáin er ólík

Greiningaraðilar gera ráð fyrir hagvexti í ár, mismiklum þó, en hafa ber í huga að spárnar eru misgamlar og efnahagshorfur óvenju fljótar að breytast í núverandi árferði. Stóra myndin er engu að síður áþekki í flestum tilfellum; hagvöxtur í ár, enþá meiri á næsta ári.


Hagvaxtarspár fyrir árin 2021 - 2023




Fyrst kemur bólusetning, síðan ferðavilji, svo bókanir og loks ferðamenn

Sem fyrr tekur ferðamannaspá Arion banka tillit til áætlana Ícelandair, greininga Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og hagvaxtarhorfa í helstu viðskiptalöndum. Stærsta forsendan er hins vegar hraði bólusetningar. Þá skiptir ferðavilji og gagnkvæmt samþykki vottorða miklu máli. Reiknað er með að rúmlega 600 þúsund erlendir ferðamenn sækji landið heim í ár, bróðurparturinn á seinni helming ársins þegar bólusetning hefur náð meiri útbreiðslu. Þrátt fyrir að bólusettingum fjölgi hratt þá þarf að reikna með dálitlum tíma til að byggja upp ferðavilja, bóka ferðir og endurræsa ferðapjónustuna.

Fjöldi erlendra gesta um Keflavíkurflugvöll - milljónir




Framtíðarferðaáform – marskönnun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (IATA)




Ísland, vin í COVID-mörkinni

Þegar ferðapjónusta á heimsvísu tekur við sér á nýjan leik ætti ferðapjónustan á Íslandi að geta vaxið hlutfallslega hratt. Landið er strjálbýlt, ódýrara en áður og hefur tekist vel til í baráttunni gegn COVID-19.

50 strjálbýlustu lönd heims – íbúar á km²




Hlutfallslegt verðlag – vísitala, ESB = 100



Litakóðunarkort Sóttvarnarstofnunar Evrópu

Combined indicator: 14-day notification rate, testing rate and test positivity, updated 11 March 2021



Administrative boundaries: © EuroGeographics © IRI-ING © Turstat © Kartverket © Statista Regional de Evropa - Statistics Portugal. The boundaries and names shown on this map do not imply official endorsement or acceptance by the European Union. ECDC. Map produced on 11 Mar 2021

© Combined indicator: 14-day notification rate, testing rate and test positivity


"On 2 March 2021, Spain reported less cumulative cases in Catalonia than previous weeks. This is due to the elimination of duplicate cases from all the historic series. Therefore case notification rates for 2021-week 9 are negative resulting in no rate being calculated for the maps.



Útflutningsgreinarnar rétta smám saman úr kútnum

Eftir strembið ár þar sem stærstu útflutningsgreinar landsins áttu undir högg að sækja virðist aðeins tekið að birta til. Loðnuvertíð heppnaðist vel, þrátt fyrir að vera smá í sniðum, álverð hefur hækkað og rekstrargrundvöllur álveranna þriggja orðinn traustari. Mestu munar þó um vöxt þjónustuútflutnings, þar sem ferðapjónustan er hryggjarstykkið, en hafa ber í huga að greinin hlaut þyngra högg en aðrar útflutningsgreinar og kemur því af lágum grunni. Þrátt fyrir að spáin byggji á þeirri forsendu að ferðamannastraumurinn þyngist á seinni hluta þessa árs tekur bati greinarinnar ekki almennilega við sér fyrir en á næsta ári.


Útflutningur - framlag undirliða




Fleiri egg í körfunni

Þrátt fyrir að „stóru þrjár“ nái vopnum sínum á nýjan leik er það annar útflutningur, í þessum skilningi bæði annar vöru- og þjónustuútflutningur, sem bætir við hlutdeild sína þegar fram í sækir. Áformin eru stórhuga, t.d. í lyfjaframleiðslu, fiskeldi og hugverkum og má reikna með áframhaldandi vexti á næstu árum.

Vægi undirliða í heildarútflutningi – m.v. nafnvirði




Útflutningur án ferðapjónustu, sjávarafurða og álframleiðslu – ma.kr. á föstu gengi og ársbreyting



Aðrar útflutningsgreinar leysa þó ekki stöðuna á vinnumarkaði

Ekki strax í það minnsta. Það hlutverk fellur í skaut ferðapjónustunnar, sem er eina atvinnugreinin að svo stöddu sem getur stækkað nægilega hratt á skömmum tíma til að geta unnið verulega á atvinnuleysinu. Ríkið hefur ýtt úr vör átaki undir yfirskriftinni „Hefjum störf“. Skráð atvinnuleysi gæti komið hraðar niður samhliða átakingu, en á móti stækkar sá hópur á almenna markaðinum sem treystir á vinnumarkaðsúrræði ríkisins.


Breyting á fjölda starfandi í atvinnugreinum skv. staðgreiðsluskrá – mánaðarlegar tölur




Launahækkkanir + lítill verðbólga = meira atvinnuleysi en ella

Staðan á vinnumarkaði hefur verið í sviðsljósinu sl. mánuði enda hefur atvinnuleysi náð áður óþekktum hæðum. Þrátt fyrir að vonarglæta hafi kviknað við síðustu útgáfu Vinnuálastofnunar, þar sem fram kom að atvinnuleysi minnkaði milli mánaða í febrúar, er staðan ennþá þung. Í ljósi þess að bati ferðapjónustunnar fer hægt af stað, og að öllum líkindum ekki fyrr en líða tekur á seinni hluta ársins, er útlit fyrir að atvinnuleysi verði áfram mikið á komandi mánuðum. Horfurnar endurspeglast í spá um atvinnuleysi, en gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði að jafnaði meira í ár en síðasta ár. Hækkandi launakostnaður ýtir enn frekar undir atvinnuleysið þar sem hann verður ekki leystur með gengisfellingu og verðbólgu eins og svo oft áður. Sökum þessa er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði meira og þrálátara en ella, það er að segja, aðlögun hagkerfisins fer í gegnum vinnumarkaðinn.

Atvinnuleysi – VMK Hagstofunnar*




Laun og raunlaun – breyting frá fyrra ári



Einkaneyslan féll sem fjöður – rís sem raketta?

Þegar COVID-19 lét fyrst á sér kræla með tilheyrandi lokunum og innanhúss ferðalögum voru greiningaraðilar svartsýnir fyrir hönd einkaneyslunnar. Raunin varð hins vegar 3,3% samdráttur, sem er mun betri niðurstaða en flestir þorðu að vona. Ástæðurnar eru margar en helst ber að nefna aðgerðir opinberra aðila, sem studdu við heimilin, og tvískiptingu vinnumarkaðarins. Líkt og áður sagði er einkaneyslan í kjörstöðu til að snúa vörn í sókn og gæti vöxturinn reynst nokkuð meiri en hér er gert ráð fyrir, m.a. vegna kaupmáttaraukningar, vaxtastigs, aukins veðrymis og mikils sparnaðar sem safnast hefur upp undanfarið ár.


Einkaneysla og atvinnuleysi – raunbreyting frá fyrra ári



Seigla innlendarar eftirspurnar hefur endurspeglast í innflutningi neysluvara

Á síðasta ári jókst aðeins einn undirliður vöruinnflutnings milli ára, neysluvörur, enda hægara sagt en gert að bóka verslunarferð til útlanda. Það sem af er ári (janúar og febrúar) sýna þrjú undirliðir aukningu milli ára á föstu gengi: hrá- og rekstrarvörur (7%), sem samanstanda af megninu til af álaðföngum, fjárfestingavörur (19%) og neysluvörur (5%).


Vöruinnflutningur – ma.kr. á föstu gengi



Bólusetningu fylgja fleiri ferðamenn... og fleiri utanlandsferðir Íslendinga

Miðað við umræðuna í samfélaginu er ljóst að ferðaþráin er farin að segja til sín. Eins og staðan er í dag er flugframboð af skornum skammti og aðeins lítil hluti þjóðarinnar bólusettur svo páskaferðinni til Tene verður líklega seinkað fram á næsta ár. Aukin neysla innan landsteinanna kallar hins vegar á aukinn innflutning neysluvara, líkt og raun bar vitni á síðasta ári. Vaxandi innlend eftirspurn, bæði neyslu og fjárfestingar, endurspeglast í auknum vöruinnflutningi á meðan innflutt þjónusta þróast í takti við ferðavilja og -getu landsmanna.


Innflutningur - framlag undirliða



Utanríkisverslun í mínus, viðskiptajöfnuður í plús

Þrátt fyrir áþekkar spár fyrir út- og innflutningsvöxt hafa viðskiptakjör þjóðarbúsins versnað, sem þýðir að innflutningsverð hefur hækkað umfram útflutningsverð – m.ö.o. við fáum færri einingar af innflutningi fyrir hverja einingu af útflutningi. Vegna þessa er útlit fyrir halla af utanríkisverslun, annað árið í röð. Áfram er þó spáð viðskiptaafgangi, fyrst og fremst vegna afgangi af frumpáttatekjum. Viðskiptaafgangurinn minnkar engu að síður milli ára, úr 30 ma.kr. í tæpa 20 ma.kr. samkvæmt spá Arion banka, en eykst á nýjan leik samhliða viðspyrnu ferðapjónustunnar.


Viðskiptajöfnuður - % af VLF




Einn kóngur á gjaldeyrismarkaði um þessar mundir

Er það viðskiptaafgangurinn? Nei!! Er það lífeyrissjóðirnir? Nei!! Er það erlendir fjárfestar? Nei!! Er það Seðlabankinn? Já!!! Íslenski gjaldeyrismarkaðurinn er grunnur, óskilvirkur og býr enn við höft þar sem ekki er heimilt að gera afleiðusamninga nema til áhættuvarna. Seðlabankinn, með sinn digra gjaldeyrisforða, er þ.a.l. einn af fáum aðilum sem getur tekið afstöðu til verðlagningar og hann telur að markaðurinn sé í góðu jafnvægi eins og sakir standa. Þá skoðun hefur hann sýnt í verki og keypt krónur fyrir um 160 ma.kr. nettó frá því að fyrsta COVID smitið greindist hér á landi.

Raungengi krónunnar – hlutfallslegt verðlag




EUR/ISK og inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði - ma.kr.




Nú falla öll vötn til styrkingar

Seðlabankastjóri hefur ítrekað oftast en einu sinni og oftast en tvisvar að almenningur eigi ekki að þurfa að hafa áhyggjur af gengi krónunnar. Því er ólíklegt að Seðlabankanum þóknist frekari gengisveiking – að því gefnu að efnahagsspár um viðspyrnu gangi eftir. Að undanfögnu hefur flæði frá öðrum en Seðlabankanum ekki fallið með krónunni, fjárfestar fært sig út og utanríkisverslunin í halla. Fram á við er hins vegar líklegt að gjaldeyrissköpun ferðabjónustunnar taki að braggast og að flæðið snúist á sveif með krónunni - og Seðlabankinn gæti þess vegna tekið upp á því að kaupa gjaldeyri á ný. Eftir því sem líða tekur á spátímum teljum við að gengi krónunnar gæti gefið eftir á nýjan leik samhliða versnandi samkeppnisstöðu þjóðarbúsins.

Gengi krónunnar gagnvart evru – meðaltal ársfjórðunga




Raungengi – hlutfallslegt verðlag




Skammlífur verðbólguþurfa... og langlíft lágvaxtaland?

Við spáum að verðbólguþurfa nái hámarki á fyrsta fjórðungi þessa árs og að verðbólgan fíki sig í átt að markmiði eftir því sem gengisáhrifin fjara út. Samkvæmt spánni verður verðbólgan komin í markmið við árslok og er útlit fyrir að hún haldi sig á þeim slóðum út spátímann. Í ljósi þess að akkeri verðbólguvæntinga hefur staðið af sér storminn hefur peningastefnunefnd Seðlabankans haldið vöxtum lágum í gegnum verðbólguþurfa. Ef fram fer sem horfir verður það ekki verðbólgan eða verðbólguvæntingar sem kynda undir vaxtahækkunar, heldur samspil ríkisfjármála og peningastefnunnar. Verðbólguvæntingar og kraftmeira bit peningastefnunnar þýða samt vaxtahækkunar í smærri skrefum en ella og að lágvaxtalandið sé komið til að vera – á íslenskan mælikvarða.

Verðbólga eftir eðli og uppruna



Meginvextir SÍ – m.v. verðbólguþurfa Arion banka



Vaxtaáhrifin sem enginn spáði

Met slegin á fasteignamarkaði


Fasteignamarkaður líflegur á árinu

© 21.12.2020 - 05:21


INNLENT 30. janúar 2021 11:05

Stefnir í neyðarástand á fasteignamarkaði

Árshækkun vísitölu íbúðaverðs og fyrstu spár greiningaraðila í kjölfar COVID-19




Ný útlán innlánsstofnana – ma.kr. þriggja mánaða hlaupandi meðaltal




Af hverju skiptir fasteignamarkaðurinn okkur svona miklu máli?


Eignir heimila – ma.kr.




Skuldir heimila – ma.kr.



Fjármunaeign hagkerfisins – um 40% af heild




Vægi reiknaðrar húsaleigu í vísitölu neysluverðs




Fasteignaverð tölvert fyrir ofan langtímaleitni... miðað við vísitölu neysluverðs

Söguleg gögn benda til þess að verðsveiflur á fasteignamarkaði færast í aukana. Fasteignaverð hefur hækkað að meðaltali um 17% á ári frá 1968 en um 2% að raunvirði. Meðalhækkun á fyrri hluta tímabilsins var talsvert lægri (+0,8% árleg raunverðshækkun) en eftir árið 1994 (3,2% árleg raunverðshækkun). * Raunverð m.v. vísitölu neysluverðs bendir til þess að verð séu orðin há.

Þróun fasteignaverðs ásamt leitni – nafnverð, 1968 = 100




Þróun fasteignaverðs ásamt leitni – raunverð m.v. VNV, 1968 = 100




Fasteignaverð mælt í kaupmætti bendir til að verð sé nálægt langtímaleitni

Ef húsnæðisverð er reiknað á föstu verðlagi út frá launum þá benda gögnin til að verðið sé nálægt jafnvægi. Samhliða hækkandi launum og auknum kaupmætti hafa vextir lækkað sem ekki hefur verið tekið með í reikninginn í þessum útreikningum.

Þróun fasteignaverðs ásamt leitni – raunverð m.v. VNV og laun




Þróun fasteignaverðs ásamt leitni – raunverð m.v. lágmarkstaxta og laun



Varasamt að reikna raunverð fasteigna einungis út frá verðbólgu...

... fasteignaverð mælt í kaupmætti bendir til að verð séu um 20% hærri en fyrir 25 árum, ekki 140%


Raunþróun fasteignaverðs miðað við ólíka mælikvarða




Spáum sterkum fasteignamarkaði út spátímann

Samkvæmt vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði fasteignaverð um 4,8% á síðasta ári, þrátt fyrir sögulega hátt atvinnuleysi, verulegan slaka í hagkerfinu og mikið framboð af nýjum eignum framan af ári (sem vissulega gæti bjagað útreikning á fasteignaverði þar sem nýjar eignir eru almennt dýrari en þær sem eldri eru). Tvískipting vinnumarkaðarins og áður óséð lágvaxtaumhverfi höfðu þannig betur á fasteignamarkaði. Spáð er áframhaldandi fasteignaverðshækkunum út spátímann en að toppnum hafi verið náð að svo stöddu, það er að segja hægja mun á hækkunartaktinum þegar líður á spátímann. Þrátt fyrir það verða raunverðshækkunir næstu ára, reiknaðar út frá vísitölu neysluverðs, talsverðar í sögulegum samanburði.

Fasteignaverð – breyting milli ársmeðaltala




Þróun fasteignaverðs – ársbreyting raunverðs frá 1968*



Minna framboð á næstu misserum

Talning Samtaka iðnaðarins hefur gefið góða vísbendingu um íbúðaframboð. Samkvæmt talningunni voru um 5.000 íbúðir í byggingu síðastliðið haust. Tölur af fyrri byggingarstigum benda til að árlegt framboð nýrra íbúða á næstu árum verði á bilinu 1.500-2.000 íbúðir á ári. Til samanburðar komu rúmlega 3.000 íbúðir inn á markaðinn (allt landið) árið 2019 samkvæmt tölum Hagstofunnar og 3.800 í ár, sem er mesta aukning í fjölda fullgerðra íbúða frá árinu 2007.


Talning Samtaka iðnaðarins



Fjöldi íbúða í byggingu bendir til að árlegt framboð verði um 2.000 íbúðir

Tæplega 4.000 íbúðir voru í byggingu á landinu öllu um síðustu áramót. Til samanburðar voru 5.300 íbúðir í byggingu þann 31. desember 2019, sem þýðir að íbúðum í byggingu fækkaði um 1.410 milli ára. Aldrei áður hefur fjöldi íbúða í byggingu dregist jafn hratt saman. Ef miðað er við að það taki um tvö ár að fullgera íbúð, þá má gera ráð fyrir um 2.000 íbúðum á ári næstu tvö ár.


Fjöldi íbúða í byggingu 31. desember hvert ár



Við (hin) erum fljót að gleyma

Fasteignamarkaðurinn hefur verið mikið milli tannanna á fólki að undanfögnu, skiljanlega í ljósi þróunarinnar í einum dýpsta efnahagssamdrætti sögunnar. Skortur, neyðarástand og önnur krassandi orð hafa verið látin falla um markaðinn, þá sérstaklega framboðshliðina sem er að dragast saman. Möguleg skýring á því hvers vegna byggingaraðilar eru tregir til að hefja nýjar framkvæmdir, þrátt fyrir hátt verð, er að þeir hafa ekki gleymt tilfinningunni þegar óseldar nýjar íbúðir söfnuðust upp. Það er ekki lengra en rúmt ár síðan að birgðir nýrra íbúða hlóðust upp.

Fjöldi auglýstra eigna




Heimild: Fasteignir.is og hagdeild HMS




Öndum með nefinu

Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands mun einstaklingum á aldrinum 20-69 ára fjölga um 4.000 á ári hverju. Miðað við búsetuvenjur Íslendinga og fjölda íbúa hér á landi má ætla að þörf sé fyrir 2.000 – 2.500 nýjar íbúðir á ári. Hafa ber í huga að útreikningar og áætlanir um íbúðapörf eru háðir veikbygðum forsendum í besta falli. Út frá þeim tölum sem liggja fyrir, svo sem talningu SI og fjölda íbúða í byggingu samkvæmt Hagstofunni er hæpið að framboð fullnægi eftirspurn á allra næstu misserum. Ekki munar þó miklu og því óþarfi að rjúka upp til handa og fóta að svo stöddu.

Fullgerðar íbúðir og breyting á mannfjölda – spá fyrir 2021-2022 byggð á spá SI fyrir höfuðborgarsvæðið ásamt mati fyrir landsbyggðina




Íbúðafjárfesting – í ma.kr. á verðlagi ársins 2020



Fjárfesting tekin að glæðast - loksins

Þrátt fyrir samdrátt í íbúðafjárfestingu hljóðar spá Arion banka upp á 4,6% fjárfestingavöxt í ár. Vöxturinn er fyrst og fremst drifinn áfram af fjárfestingu hins opinbera, sem dróst saman á síðasta ári þrátt fyrir háleit markmið og stórar yfirlýsingar. Útlit er fyrir að hluti fjárfestinga síðasta árs falli inn á þetta ár sem skýrir meðal annars mikinn vöxt í opinberri fjárfestingu milli ára. Þó aukin opinber fjárfesting sé vissulega jákvæð tíðindi fellur hún í skuggann af atvinnuvegafjárfestingu, sem loksins sýnir merki um viðsnúning. Útlit er fyrir að atvinnuvegafjárfesting, þ.e.a.s. fjárfesting í raforku, stóriðjuframleiðslu og hefðbundin atvinnuvegafjárfesting, aukist út spátímann.


Fjárfesting – framlag undirliða



Atvinnuvegafjárfesting staulast af stað

Eftir þriggja ára samfelldan samdrátt virðist sem loksins sé komið að kaflaskilum hjá hefðbundinni atvinnuvegafjárfestingu. Batinn fer engu að síður hægt af stað og er aðeins gert ráð fyrir tæplega 4% vexti á þessu ári, þrátt fyrir sögulega lága vexti. Þetta eru engu að síður umtalsvert bjartari horfur en fyrir tæpu ári síðan og jákvæð tíðindi fyrir hagkerfið þar sem atvinnuvegafjárfesting er undirstaða verðmætasköpunar framtíðarinnar.


Atvinnuvegafjárfesting – framlag undirliða



Fjárfestingastigið kemst að mestu klakklaust í gegnum kófið

Fjárfesting, og þá sérstaklega atvinnuvegafjárfesting, hefur verið dempuð frá hruni. Atvinnuvegafjárfesting var á niðurleið áður en COVID skall á og fjárfesting í hagkerfinu hefur valdið áhyggjum. Fjárfesting virðist hins vegar hafa verið lífligri í COVID en við þorðum að vona. Spila allir undirliðir hér hlutverk, íbúðafjárfesting dróst minna saman árið 2020 en bjartsýnustu spár þorðu að vona, hið opinbera tekur við keflinu í ár og hefðbundin atvinnuvegafjárfesting 2022.

Fjárfesting – sem hlutfall af VLF



Þróun helstu hagstærða

Landsframleiðsla og undirliðir (eldri spá Arion banka innan sviga)

<i>Breyting frá fyrra ári (%)</i>	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	-3,3	2,6 (1,6)	3,4 (3,7)	3,1 (2,6)
Samneysla	3,1	1,9 (1,5)	2,0 (1,8)	2,2 (2,2)
Fjármunamyndun	-6,8	4,6 (2,1)	-2,8 (1,2)	7,1 (8,2)
<i>Atvinnuvegafjárfesting</i>	-8,7	7,8 (3,7)	-0,6 (3,2)	8,0 (5,9)
<i>Fjárfesting í íbúðarhúsnæði</i>	-1,2	-12,4 (-5,2)	-8,8 (-1,6)	11,0 (17,9)
<i>Fjárfesting hins opinbera</i>	-9,3	36,8 (14,2)	-2,6 (-4,0)	0,9 (2,6)
Þjóðarútgjöld	-1,9	2,9 (1,7)	1,7 (2,7)	3,7 (3,7)
Útflutningur vöru og þjónustu	-30,5	9,5 (8,9)	22,7 (19,2)	8,2 (12,2)
Innflutningur vöru og þjónustu	-22,0	9,4 (8,0)	16,5 (13,8)	7,1 (10,1)
Verg landsframleiðsla	-6,6	3,3 (2,5)	6,0 (5,9)	4,3 (4,9)



Þróun helstu hagstærða

Aðrar efnahagsstærðir (fyrri spá Arion banka innan sviga)

Hlutfall af VLF (%)	2020	2021	2022	2023
Viðskiptajöfnuður	1,0	0,6 (0,7)	2,3 (3,0)	2,5 (4,2)
Fjárfesting	21,1	22,3 (20,4)	20,8 (19,9)	22,0 (20,6)
Breyting milli ársmeðaltala (%)				
Verðbólga	2,8	3,3 (3,6)	2,4 (1,9)	2,4 (2,2)
Nafnlaun	6,4	7,2 (5,0)	5,0 (5,3)	4,5 (4,7)
Raunlaun	3,4	3,8 (1,3)	2,5 (3,3)	2,1 (2,5)
Húsnæðisverð	4,8	6,3 (6,0)	5,7 (5,2)	5,1 (4,9)
Raunverð húsnæðis	1,9	2,9 (2,3)	3,2 (3,2)	2,7 (2,6)
Raungengi	-7,9	3,6 (-2,3)	6,8 (8,2)	0,3 (3,8)
Ársmeðaltal				
Atvinnuleysi (%)	6,4	8,0 (8,3)	6,9 (6,6)	6,0 (5,9)
EUR/ISK	155	153 (165)	144 (153)	145 (144)



- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.

